

Sálrænn stuðningur

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur kynnist gildi sálræns stuðnings í aðstæðum sem geta valdið áföllum.

Helstu viðfangsefni eru sálræn skyndihjálp, mismunandi tegundir áfalla, áhrif streitu, sorg og sorgarviðbrögð.

Aðgangur ókeypis

Hvenær: fimmtudaginn 14. janúar 2010

Hvar: Rauða kross húsinu á Akranesi, Skólabraut 25a

Leiðbeinandi: Margrét Magnúsdóttir

Fjöldahjálparstjóra námskeið

Markmið námskeiðsins er að þjálfra stjórnendur í fjöldahjálp og félagslegu hjálparstarfi sem eru þeir verkþættir sem Rauði krossinn sinnir samkvæmt samkomulagi við almannavarnir. Á námskeiðinu er farið yfir skipulag almanna- og félagsvæðingarmála auk þess sem þátttakendur fá ítarlega fræðslu um neyðarvarnakerfi Rauða krossins. Námskeiðið er byggt upp á fyrirlestur, verklegum æfingum og umræðum.

Aðgangur ókeypis

Hvenær: þriðjudaginn 2. og miðvikudaginn 3. mars 2010. Kl. 17.30 – 21.30.

Hvar: Rauða kross húsinu á Akranesi, Skólabraut 25a

Leiðbeinandi: Jón Brynjar Birgisson og Kristján S. Bjarnason.

Millimenningarleg samskipti

Á námskeiðinu verður fjallað um þá menningarlega fjölbreytni sem einkennir nútímasamfélög og áhrifaríkar leiðir til þess að byggja brú milli menningarheima. Leitast er við að skoða hvað sameinar okkur ekki síður en það sem skilur okkur að. Námskeiði nýtist öllum þeim sem í starfi og/eða einkalífi eru í nánum samskiptum við fólk af erlendum uppruna.

Námskeiðsgjald: 2500

Hvenær: fimmtudaginn 11. mars kl. 18.00 – 21.00

Hvar: Rauða kross húsinu á Akranesi, Skólabraut 25a

Leiðbeinandi: Gurðún Vala Elísdóttir

Börn og umhverfi, námskeið fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Fjallað er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á slysavarnir og algengar slysaættur og veitt ítarleg kennsla í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

Foreldrar ungra barna sem ætla að ráða barnapíur í sumar eru sérstaklega hvattir til þess að benda þeim á að skrá sig á námskeiðið.

Haldið í mars/apríl. Nánar auglýst þegar nær dregur.